

# HVAÐ ER Í NÁGRENNINU?

Í þessu verkefni geta foreldrar fundið hugmyndir að stöðum og leiðum sem hægt er að fara í hverfinu til að kynna því betur. Samhliða geta foreldrar nýtt umhverfið til þess að örva tungumál barna sinna með því að tala um það sem þau sjá og upplifa.

Starfsfólk leikskóla getur auðveldað foreldrum að þekkja hverfið sitt með því að segja frá vettvangsferðum sem farið er í með börnunum og með því að sýna ljósmyndir frá spennandi stöðum í nágrenninu. Margir leikskólar eru með græn svæði eða útikennslusvæði í nágrenni leikskólans. Gaman getur verið að kynna þau svæði fyrir foreldrum með því að skipuleggja samveru þar.

*Ævintýri á gönguför – uppgötvanir og fróðleikur fyrir börn á leikskólaaldri í miðborg Reykjavíkur*

er skemmtileg handbók þar sem búið er að útbúa fjölmörg verkefni sem öll miða að því að kenna börnum á nærumhverfi sitt. Hægt er að nýta verkefni úr handbókinni sem hugmyndabanka fyrir verkefni í öðrum hverfum borgarinnar.



## HUGMYNDIR FYRIR FORELDRA

**GANGIÐ UM HVERFIÐ YKKAR MEÐ BÖRNUNUM OG LEITIÐ AÐ:**

**Bókasafninu í hverfinu. Þar finnið þið:**

Sögustundir fyrir börn  
Bækur á mörgum tungumálum  
Fjölskyldumorgna fyrir heimavinnandi foreldra  
Heimanámsaðstoð fyrir grunnskólabörn

**Biðstöðinni fyrir strætó:**

Hvar stoppar strætó?  
Númer hvað er strætisvagninn í hverfinu?  
Hvert er hægt að ferðast með strætó?

**Matvöruverslun, bakarí eða annað:**

Gerið saman innkaupalista og verslið inn með hjálp barnsins

**Íþróttafélagið eða sundlaugin:**

Hvaða íþróttir eru stundaðar í hverfinu?  
Hvað heitir íþróttafélagið? Hvar er íþróttafélagið?  
Getið þið skrifað niður nafnið?  
Er sundlaug í hverfinu? hvað heitir hún? hvar er hún og getið þið  
gengið þangað saman eða þarf að taka strætó?

**Er hægt að skoða leiðina að heiman og í leikskólann á korti?**

Hvað sjáum við á leiðinni?  
Hvað eru margir ljósastaurar, hús, götur, bílar, hurðir, grindverk, róluvellir,  
menn, konur, dýr, hjól eða annað á leiðinni?

Takið myndir og skoðið saman þegar heim er komið til þess að rifja  
upp orðin og tala saman um það sem þið gerðuð.